

## Svar

### **fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Óla Birni Kárasyni um útgáfu á ársskýrslum.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða stofnanir og fyrirtæki sem heyra undir ráðuneytið gefa út ársskýrslu á pappírformi og hver var kostnaðurinn sem lagðist á ráðuneytið vegna þessa árið 2017?*

Af stofnunum sem heyra undir ráðuneytið gáfu Framkvæmdasýsla ríkisins og embætti ríkisskattstjóra út ársskýrslur á pappírformi árið 2017. Enginn kostnaður lagðist á ráðuneytið vegna þessa. Eftirfarandi félög í eigu ríkisins gáfu út ársskýrslur á pappírformi árið 2017: Isavia ohf., Rarik ohf., Íslandspóstur ohf., Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., Náttúruhamfaratrygging Íslands og Neyðarlínan. Enginn kostnaður lagðist á ráðuneytið vegna þessa.